



Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

1	Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005, dags. 29. ágúst 2022.
2	Ráðning leikskólastjóra í Rofaborg: Guðlaug Kristinsdóttir hefur verið ráðin leikskólastjóri í Rofaborg frá og með 1. október 2022.



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 8. ágúst sl., þar sem kynnt eru til samráðs drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005.

Eftirfarandi eru athugasemdir Reykjavíkurborgar:

Handbók um velferð og öryggi barna í daggæslu

Lagt er til að sett verði ákvæði í reglugerðina um að útbúin verði handbók af hálfu ráðuneytisins með nánari útlistun á öryggisatriðum og kröfum til öryggis og aðbúnaðar barna í daggæslu í heimahúsum. Er í þessu samhengi vísað til handbókar um velferð og öryggi barna í grunnskólum og handbókar um velferð og öryggi barna í leikskólum en þær handbækur voru unnar í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Herdísar Storgaard og Þorláks Helga Þorlákssonar með stoð í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi í leikskólum segir:

Ráðuneytið, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, skal útbúa rafræna handbók fyrir starfsfólk leikskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi og velferð barna og slysavarnir í leikskólum. Skal handbókin endurskoðuð reglulega.

Handbókin skal grundvölluð á gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi leikskóla, lögum og reglugerðum um öryggis-, skipulags- og byggingarmál og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig skal höfð hliðsjón af reglugerð um vélar og tæknilegan búnað og vinnumhverfisvísium Vinnueftirlits ríkisins, eftir því sem við á.

Handbókin skal vera aðgengileg opinberlega og ber leikskólastjóri ábyrgð á að hún sé sérstaklega kynnt öllu starfsfólki leikskóla og foreldrum.

Óskað er eftir að til skoðunar komi að setja sambærilegt ákvæði í reglugerð nr. 907/2005.

Í 29. gr. núgildandi reglugerðar nr. 907/2005 er fjallað um öryggi barna og væri hægt að vísa í því ákvæði til ofangreindrar handbókar til nánari skýringa á því hvað felst í öryggi barna. Sem dæmi hvort það teldist öruggt að hafa barnavagna í leikrými, hvað telst fullnægjandi svefnaðstaða barna, hvernig skiptiaðstaða telst fullnægjandi og fleira. Handbókin yrði gagnleg þeim aðilum sem sinna eftirliti og ráðgjöf til dagforeldra og myndi tryggja enn frekar samræmi í kröfum og viðmiðum sem gera má til öryggis og velferðar barna í daggæslu. Er í þessu samhengi vísað til þess að í ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 907/2005 kemur fram að „Ef umsjónaraðili, eða annar sá starfsmaður sem fer með eftirlitið verður þess var að aðbúnaði barns hjá dagforeldri sé ábótavant“ og „önnur atriði sem bendi til það ekki fari nægilega vel um barn hjá dagforeldri, án þess að barn teljist í hættu statt“ er opið og matskennt.



Framangreind handbók yrði þessu ákvæði til fyllingar þegar kemur að því að meta hvort aðbúnaði barna sé ábótavant og hvort nægilega vel fari um barn í daggæslu með sem samræmdustum hætti og út frá því hagsmunir barnanna tryggðir. Hið sama á við um orðalag 37. gr. þar sem fram kemur „barn sé í hættu statt hjá dagforeldri, svo sem vegna lélegs aðbúnaðar“.

Barnavernd

Vísað er til 21. gr. draga að breytingu á reglugerð 907/2005 en er í því tilliti vísað til þess að 2. mgr. 37. er svohljóðandi: „Tilkynna skal barnavernd og heilbrigðisnefnd um mál skv. 1. mgr.“

Hafa ber í huga að úr barnaverndarlögum nr. 80/2002 hefur verið felld 35. gr. en ákvæðið fjallaði um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum: „Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr.“

Liggja þarf fyrir álit barnaverndar á því hvort tilefni sé til tilkynningar til barnaverndar samkvæmt 2. mgr. 37. gr. eftir að framangreind 35. gr. var felld út eða hvort tilefni sé til að taka út „barnavernd“ í 2. mgr. 37. gr. Hið sama gildir um önnur ákvæði reglugerðarinnar þar sem fjallað er um tilkynningar eða samstarf við barnavernd.

Þá þarf einnig að skoða tilkynningaskyldu Barnaverndar gagnvart leyfisveitanda ef upp koma mál er varða dagforeldrið. Barnaverndarnefnd heyrir undir 12. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun og þarf að meta hvort tilefni sé til að ávarpa það í reglugerð um daggæslu meðal annars með tilliti til 6. gr. reglugerðarinnar. Þá má í þessu samhengi nefna hvort ávallt eigi að afla umsagnar Barnaverndar þegar einstaklingur sækir um leyfi til daggæslu.

Daggæsla starfrækt án leyfis

Í 41. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að ef félagsmálanefnd fær upplýsingar um að börn séu tekin í gæslu í atvinnuskyni án leyfis skuli hún stöðva starfsemi þegar í stað.

Í ljósi þess að síðan 1. janúar 2021 fer Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála með leyfisveitingar og -sviptingar vegna daggæslu í heimahúsum, er lagt til að ákvæðið verði endurskoðað með tilliti til þess.

Skilyrði til leyfisveitingar uppfyllt eða ekki

Aldur: óskað er eftir því að tekið sé til skoðunar hvort starf dagforeldra gefi tilefni til að setja tiltekinn hámarksaldur á leyfisveitingar.

Læknisvottorð: Hér þarf að skýra orðalagið „ekki hafi fundist merki um sjúkdóm sem hindrað geti að umsækjandi geti tekið að sér barnagæslu“. Barnagæsla og daggæsla er ekki einn og sami hlutur en líta má á að gera megi strangari kröfur til heilsufars einstaklings sem tekur að sér að reka daggæslu barna. Skoða má hvort gerð séu ríkari skilyrði til heilsufars umsækjanda í ákvæðinu.

Sakavottorð: Nauðsynlegt er að skoða hvort tilefni sé til að skýra orðalag í tengslum við afhendingu nýrra heimilismanna á saka- og læknisvottorð. Bent er á að skoðað verði að setja ákvæði um heimsóknir utanaðkomandi aðila á daggæslutíma hvort heldur sem er gesti eða útleigu á herbergjum í sama húsnæði en þó ekki því sem nýtt er til daggæslu. Hafa þarf í huga að þessir einstaklingar geta verið innan um börn í daggæslu.



Húsakynni: Hér mætti gera úttekt heilbrigðiseftirlits sem skilyrði óháð því hvort um er að ræða daggæslu með sex börnum eða fleiri, í ljósi þess að heilbrigðiseftirlitið sinnir eftirliti samkvæmt reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Eigi daggæslan að uppfylla skilyrði framangreindrar reglugerðar fellur það í hlut heilbrigðiseftirlits að ganga úr skugga um að svo sé.

Brunavarnir: Í ákvæðinu mætti vísa til viðeigandi laga og reglugerða sem kveða á um eld- og brunavarnir og nánar um hvaða kröfur eru gerðar. Tryggja að kröfurnar sem settar eru í 8. lið 13. gr. séu til samræmis við kröfur í lögum og reglugerðum um eldvarnir.

Lóð, leiktæki og leikföng: Skoða þarf hvort hér þurfi að tilgreina að heilbrigðiseftirlitið taki út til samræmis við reglugerð um hollustuhætti.

Tóbaksnotkun: Þá þarf að breyta orðalaginu „Tóbaksreykingar svo og neysla hvers kyns vímugjafa eru með öllu óheimilaðar á heimilinu meðan á dagvistun barna stendur.“ í „Tóbaksreykingar svo og neysla hvers kyns vímugjafa eru með öllu óheimilaðar á heimilinu eða við heimilið meðan á dagvistun barna stendur.“

Viðtal við umsækjanda: Hér þarf að skoða hvaða önnur gögn liggja til grundvallar umsagnar félagsmálanefndar. Áður en Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála tók við leyfisveitingum vegna dagforeldra hittu daggæsluráðgjafar umsækjendur og tóku viðkomandi í viðtal. Hafa í huga hvort slíkt viðtal verði sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Umsögn félagsmálanefndar

Í núgildandi 18. gr. reglugerðarinnar kemur fram að þegar félagsmálanefnd telur að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði 13. gr. skuli gera umsækjanda grein fyrir því. Skýrt þarf að vera hvort 18. gr., muni eins og hún er í dag, falla út í heild sinni eða hvort félagsmálanefnd muni þurfa að veita umsækjanda kost á að tjá sig um neikvæða umsögn nefndarinnar.

Álitið er að það sé í höndum Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að veita umsækjanda tækifæri á að tjá sig um ákvörðun stofnunarinnar um að synjun áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir. Þar undir félli þá einnig umsögn félagsmálanefndar.

Endurnýjun leyfa

Skerpa mætti hér á því hvaða gögn eru tilskilin þegar skipt er um húsnæði sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar og hvaða gögnum umsækjandi skuli þá skila. Einnig þarf að vera skýrt hvort eða til hvaða atriða umsögn félagsmálanefndar eigi að taka þegar um er að ræða umsókn um endurnýjun leyfis.

Ábyrgð og skyldur foreldra

Hér mætti skoða hvort tilefni sé til að ávarpa hvers eðlis starfsemi dagforeldra er, þ.e. að dagforeldrar séu sjálfstætt starfandi og að dvalarsamningur þeirra við dagforeldri séu einkaréttarlegs eðlis. Vísa mætti til öryggishandbókar og að foreldrar kynntu sér hana sérstaklega.

Mikilvægt að upplýsa foreldra um að þeir gangist undir þagnarskyldu sem felst í því að gæta þagmælsku um atriði sem foreldri gæti fengið vitneskju um um önnur börn og foreldra í daggæslunni og leynt skal fara með samkvæmt lögum, reglum eða samkvæmt eðli mála.

Ábyrgð og skyldur dagforeldra

Hvað varðar ábyrgð dagforeldra gagnvart barni á meðan á dvöl stendur mætti útbúa lágmarkskröfur svo sem eins og um eina heita máltíð á dag, lágmarks kröfur um útvist og



annað. Hér þarf að vera til bæklingur, gæðaviðmið eða handbók dagforeldra sem hægt væri að vísa í.

Orðalagið „Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns.“ í 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar er opið og skortir tiltekin viðmið sem eftirlits- og umsjónaraðilar geta stuðst við til að gæta sem best að hagsmunum barnsins og einnig svo tryggt sé að gætt sé jafnræðis og samræmis milli daggæsla.

Bæta þarf við lið vegna gæludýra. Búa þarf til reglur um dýrahald svo sem varðandi matardalla, hvar dýrið er á meðan daggæslu stendur, hvað megi vera mörg dýr á hverju heimili og hvort viðkomandi dýr séu skráð með réttum hætti. Þetta þarf að vera skýrt svo eftirlitsaðilar geti fylgt þessu eftir og gert athugasemdir sé þess þörf.

Einnig er hér vísað til trúnaðar dagforeldra í starfi og er lagt til að til skoðunar verði tekið að bæta inn ákvæði í 28. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um þagnarskyldu dagforeldris og afleiðingar þess að hún sé brotin, svo sem hvort það varði sviptingu leyfis. Sérstaklega skal bent á að þagnarskyldan helst þótt dagforeldri láti af störfum. Er í þessu samhengi einnig vísað til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018.

Varðandi öryggi barna skv. 29. gr. er vísað til umfjöllunar hér að ofan í kafla um handbók.

Varðandi skyldur dagforeldris gagnvart umsjónaraðila sbr. 31. gr. reglugerðarinnar er lagt til að bætt verði inn ákvæðið um að dagforeldri beri að upplýsa um öll börn í daggæslunni óháð lögheimilissveitarfélagi barns. Er þetta nauðsynlegt svo eftirlitsaðilar geti sinnt eftirliti með fullnægjandi hætti. Sjá einnig 1. tölul. 2. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar.

36. og 37. gr. aðbúnaði barna ábótavant, barn í hættu statt:

Er hér aftur vísað til ofangreindrar umfjöllunar um handbók en hún yrði eins og áður segir gagnleg þeim aðilum sem sinna eftirliti og ráðgjöf til dagforeldra og myndi tryggja enn frekar samræmi í kröfum og viðmiðum sem gera má til öryggis og velferðar barna í daggæslu. Einnig væri tilefni til að skoða að handbókin byggji yfir ákveðnum verkferlum þegar upp koma mál sem falla undir 36. og 37. gr. reglugerðar um daggæslu.

Er í þessu samhengi vísað til þess að ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 907/2005 er afar opið en orðalagið „verður þess var að aðbúnaði barns hjá dagforeldri sé ábótavant“ og „önnur atriði sem bendi til það ekki fari nægilega vel um barn hjá dagforeldri, án þess að barn teljist í hættu statt“ er opið og matskennt. Framangreind handbók yrði þessu ákvæði til fyllingar þegar kemur að því að meta hvort aðbúnaði barna sé ábótavant og hvort nægilega vel fari um barn í daggæslu með sem samræmdustum hætti og út frá því hagsmunir barnanna séu tryggðir. Með vísan til þessa er mikilvægt að einhver viðmið, gögn eða handbók séu ákvæðinu til fyllingar um það hvað telst fullnægjandi aðbúnaður barns. Það sama gildir um orðalag 37. gr. um það hvenær barn telst „í hættu statt hjá dagforeldri svo sem vegna lélegs aðbúnaðar“.

Innra eftirlit

Í drögum að breytingum á reglugerð nr. 907/2005 er talað um innra eftirlit félagsmálanefndar. Sett er spurningamerki við það hvort rétt sé að kalla eftirlit sveitarfélagsins með sjálfstætt starfandi aðilum innra eftirlit.

Þjónustusamningar

Eindregið er hvatt til að tekið sé fram í reglugerð 907/2005 að sveitarfélagi sé heimilt að gera þjónustusamninga við dagforeldra.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst

F.h. Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs